
Fundargerð



ÍSLENSKI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Aukaársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins, haldinn þann 17. ágúst 2017, kl 17:00 í aðalútibúi Landsbankans, Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

Atli Atlason, formaður stjórnar, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Braga Gunnarsson, hdl. í starf fundarstjóra og var það samþykkt án athugasemda. Bragi tók við stjórn fundarins, þakkaði traustið og tilnefndi Pétur Pétursson, starfsmann Landsbankans, sem fundarritara og var það samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri athugaði næst lögmati fundarins. Samkvæmt samþykktum sjóðsins, sbr. gr. 6.1., skal stjórn boða til ársfundar með sannanlegum hætti með þriggja vikna fyrirvara. Fundurinn var auglýstur í Fréttablaðinu 26. júlí 2017 og einnig á vef Landsbankans sama dag. Fundarstjóri úrskurðaði fundinn löglegan til að afgreiða þau mál sem fyrir honum liggja.

Á fundinn voru mættir 11 sjóðfélagar séreignardeildar og var eign þeirra sem svarar 0,180% af sjóðnum. Af þessum 11 sjóðfélögum voru 9 sem áttu eign í samtryggingardeild og var eign þeirra sem svarar 0,116% af samtryggingardeild.

Fundarstjóri fór yfir dagskrá fundarins en eitt mál var á dagskrá og það voru tillögur til breytinga á samþykktum Íslenska lífeyrissjóðsins.

Fundarstjóri gaf Ólafi Páli Gunnarssyni orðið og fór hann þær breytingar sem lagðar voru til og birtar höfðu verið á heimasíðu ásamt greinargerð.

Fundarstjóri þakkaði Ólafi fyrir og sagði orðið laust ef einhver vildi taka til máls. Enginn óskaði eftir því að tjá sig um breytingarnar á samþykktum sjóðsins sem lagðar voru til. Hann fór yfir það að 2/3 atkvæða þyrfti til að samþykkja breytingarnar. Kosið var með handauppréttingu.

Byrjað var að kjósa um breytingar á samþykktum sem snúa að séreignardeildum sjóðsins. Breytingarnar voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Því næst var kosið um breytingar á samþykktum sem snúa að samtryggingardeild sjóðsins. Breytingarnar voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Að síðustu var kosið um breytingar á 8. gr. samþykktu sjóðsins. Breytingarnar voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum. Allar breytingatillögur voru því samþykktar.

Fundi var slitið kl: 17:12
